

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Húnabyggðar.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Húnabyggðar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 401/2005.

2. gr.

Vatnsgjald.

Hafi vatnsveita Húnabyggðar verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Húnabyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 5.770,22 kr. pr. íbúð og 211,78 kr. pr. fermetra húss.
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 17.665,08 kr. pr. eign og 233,54 kr. pr. fermetra húss.
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús, á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- Álagning skv. a–c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamati allra húsa og lóða.

3. gr.

Gjald dagar.

Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjald dagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

<i>Aukavatnsgjald</i>	<i>Verð/m³</i>
fyrstu 100.000 m³	36,48 kr.
100.000-250.000 m³	33,13 kr.
eftir 250.000 m³	30,21 kr.

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Húnabyggð leggur til.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatns-mælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald á dag</i>
32 mm eða minni	16,44 kr.
40 mm	16,44 kr.
50 mm	19,52 kr.
80 mm	46,92 kr.
100 mm eða stærri	84,76 kr.

6. gr.
Heimæðargjald.

Heimæðargjald er sem hér segir:

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd - metraverð</i>
25 mm	291.677 kr.	13.685 kr.
32 mm	421.309 kr.	13.685 kr.
40 mm	534.738 kr.	13.685 kr.
50 mm	712.984 kr.	13.685 kr.
63 mm	1.004.660 kr.	13.685 kr.
75 mm	1.425.968 kr.	13.685 kr.
90 mm	2.100.249 kr.	13.685 kr.

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Gjald fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2009 1. september 2024), 193,0 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr.
Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnabyggðar 28. janúar 2025 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin öðlast þegar gildir. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1708/2023.

Húnabyggð, 28. janúar 2025.

Pétur Arason sveitarstjóri.